

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
(sent á rafrænu formi á nefndasvid@althing.is)

Ísafirði 4. desember 2013

**143. löggjafarþing, mál 14, þingsályktun um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.**

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vill í þessu máli vísa til ályktunar 56. Fjórðungsþings Vestfirðinga um efni þingsályktunarinnar.

**Auðlindagjald**

*56. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 2.-3. september 2011 skorar á Alþingi að tryggja að það auðlindagjald sem nú er innheimt af vestfirskum aflaheimildum og öll aukning þess renni til uppbyggingar atvinnulífs á Vestfjörðum. Auðlindagjaldið renni til rannsókna, nýsköpunar og í fjárfestingarsjóð fyrir vestfirskar byggðir.*

Í ályktun Fjórðungsþings var vísað boðaðra hugmynda þáverandi ríkisstjórnar um auðlindagjöld í sjávarútvegi.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að efni þingsályktunar sé í takt við efni ályktunar 56. Fjórðungsþings Vestfirðinga er varðar auðlindagjöld í sjávarútvegi. Fjórðungssamband Vestfirðinga styður því efni þingsályktunarinnar *að fela ríkisstjórninni að tryggja að við endurskoðun laga nr. 74/2012, um veiðigjöld, á 143. löggjafarþingi 2013–2014 fylgi tillögur um hlut sjávarútvegssveitarfélaga í sérstöku veiðigjaldi.* Um útfærslu málsins verði haft ríkt samráð við sjávarútvegssveitarfélög.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður almennt þá hugmynd þingsályktunar þar sem segir *Einnig er ríkisstjórninni falið að móta tillögur um skiptingu mögulegra auðlindatekna af orkuauðlindum landsins milli sveitarfélaga og ríkisins.* Stjórn Fjórðungssambands leggur hinsvegar til að málið verði skoðað á breiðari grunni og teknar verði til skoðunar mótun tillagna er varðar aðrar náttúruauðlindir landsins. Vill stjórn Fjórðungssambandsins benda sérstaklega á auðlindir við strandsvæði landsins s.s. á hafsbotni (kalkþörungasetlög, malarefni og málma) og um nýtingu sjávarmassans (rúmmetrar eða flatarmál sjávarar) til eldis sjávardýra og sjávargróðurs.

Benda má á að í umræðu um málefni strandsvæða hefur komið fram að reynsla erlendis frá segir að sveitarfélög séu áhugsöm um nýtingu strandsvæðisins þar er þó ekki er víst að það verði ávallt til framtíðar. Sveitarfélögin verði að hafa ákveðin hvata til að stuðla að nýtingu

svæða og tryggi afrakstur eða verndun þeirra. Þau hafa vissulega ákveðin afrakstur af uppbyggingu og starfsemi fyrirtækja. En einnig þarf að tryggja að hluti auðlindagjalds renni til samfélagsins. Hér njóti íbúar nálægðar við auðlinda á sama hátt og aðrir landshluta njóta nálægðar við fallvötn eða jarðhita með fjölbreyttri atvinnu og bættum búsetuskilyrðum. Það er einnig sjónarmið að auðlindgjald á eldi sjávardýra, sé mótvægi gagnvart fórnarkostnaði samfélaga s.s. sjávarsýn, ljósmengun og aukin umferð inn á fjörðum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að gjald á nýtingu flatarmáls eða rúmmetra sjávar væri eðlilegt andlag slíkrar gjaldtöku og ber að setja það strax inn í umræðu um auðlindagjöld. Slík gjaldtaka væri lítil sem engin á meðan fyrirtæki eru að byggja sig upp, en auk mikilla fjárskuldbindinga í eldisbúnaði og fóðrun, þarf að hafa í huga að byggja þarf upp innviði s.s. löndunaraðstöðu, fóðurstöðvar og nótaþvottastöðvar. Þetta er fjárfesting sem ekki er greidd niður nema á lengri tíma.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri